

SAMÞYKKTIR

um lágmarksréttindi og fleira,
byggðar á samkomulagi ASÍ og VSÍ frá 12. desember 1995
og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda
og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum

Samþykktar á ársfundi sjóðsins 9. maí 2014



Efnisyfirlit

	Bls.
1	
1. Nafn sjóðsins og heimili.....	3
2. Hlutverk sjóðsins.....	3
3. Sjóðfélagar.....	3
4. Stjórn.....	4
5. Ársfundur.....	6
6. Reikningar og endurskoðun.....	7
7. Tryggingafræðileg athugun.....	7
8. Ávöxtun fjár sjóðsins.....	9
9. Iðgjöld og önnur framlög.....	11
10. Grundvöllur lífeyrisréttinda.....	14
11. Ellilífeyrir.....	16
12. Örorkulífeyrir.....	17
13. Makalífeyrir.....	20
14. Barnalífeyrir.....	21
15. Iðgjaldagreiðslur falla niður.....	22
16. Endurgreiðsla iðgjalda.....	22
17. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.....	22
18. Tilhögun lífeyrisgreiðslna og verðtrygging viðmiðunarfjárhæða.....	22
19. Séreignadeild.....	24
20. Bann við framsali og veðsetningu.....	25
21. Ágreiningsmál, málsmeðferð og gerðardómur.....	25
22. Eftirlit.....	26
23. Breytingar á samþykktunum.....	26
24. Gildistaka.....	27
Viðauki A Réttindatöflur.....	28
Viðauki B -Breytt réttindi.....	30
Viðauki C -Reiknigrunnur.....	31

SAMÞYKKTIR

Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja

1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Vestmannaeyja.
Heimili hans og varnarþing er í Vestmannaeyjum.

2. Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykktra þessara.
- 2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og á grundvelli samkomulags stéttarfélaga og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.
- 2.3. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi. Lífeyrissjóðnum er heimilt að stofna til samstarfs við þá aðila sem standa að sjóðnum, um innheimtu iðgjalda fyrir þá, samhliða innheimtu lífeyrissjóðsiðgjalda. Slík innheimta má ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir lífeyrissjóðinn.
- 2.4. Sjóðurinn skiptist í deildir, samtryggingardeild og séreignadeild. Ákvæði 19. greinar samþykktra þessara gilda um lífeyrissparnað og tryggingavernd sjóðfélaga í séreignadeild sjóðsins.

3. Sjóðfélagar.

- 3.1. Sjóðfélagar í samtryggingardeild skulu vera allir þeir launamenn, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og byggja starfskjör sín á kjarasamningum eftirtalinna stéttarfélaga sem ákvarða lágmarkskjör í viðkomandi starfsgreinum á því svæði sem samningarnir taka til eða njóta ráðningarbundinna starfskjara sem byggð eru á kjarasamningum þessara félaga:

Deild VR í Vestmannaeyjum,
Drifandi stéttarfélag,
FTT, Félag iðn- og tæknigreina, vegna félagsmanna í Vestmannaeyjum,
Sjómannafélagið Jötunn,
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi,
Verkstjórafélag Vestmannaeyja,
VM, Félag vélstjóra og málmþæknimanna, vegna félagsmanna í Vestmannaeyjum,
Vörubílstjórafélagið Ekill.

- 3.2. Óheimilt er að neita manni um aðild að lífeyrissjóðnum á grundvelli heilsufars hans, aldurs, hjúskaparstöðu, fjölskyldustærðar eða kyns. Rétt og skylt er

launamanni á starfssviði sjóðsins að gerast sjóðfélagi, þótt ekki sé hann félagi í ofangreindum stéttarfélögum, enda sé honum ekki skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði.

- 3.3. Heimilt er launamanni, sem gerist sjálfstæður atvinnurekandi, að halda áfram þátttöku í samtryggingardeild sjóðsins. Þá er atvinnurekendum sem tengjast starfssviði sjóðsins heimil sjóðsaðild, en biðtími skv. 12. - 14. gr. skal reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum fyrsta sinni. Sama á við um þá aðila sem ekki eru bundnir kjarasamningum nefndra stéttarfélaga né njóta ráðningarbundinna starfskjara sem byggð eru á kjarasamningum, en óska eigi að síður eftir aðild að samtryggingardeild sjóðsins.
- 3.4. Nú óskar stéttarfélag eftir aðild að þessum sjóði og er þá stjórn sjóðsins heimilt að veita félagsmönnum þess og þeim, sem taka laun eftir viðurkenndun launatöxtum þess, leyfi til að gerast sjóðfélagar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launamanna, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Umsókn stéttarfélags um aðild að sjóðnum skal vera skrifleg. Brottfall aðildar skulu aðildarfélög sjóðsins tilkynna skriflega með 6 mánaða fyrirvara og miðast við áramót.
- 3.5. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við lífeyrissjóðinn. Stjórnin skal gæta þess að réttur sjóðfélaga sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna. Stjórn sjóðsins er jafnframt heimilt að selja öðrum lífeyrissjóðum tryggingavernd og hafa samstarf við aðra lífeyrissjóði um einstaka þætti tryggingaverndar. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að bjóða sjóðfélögum og öðrum aðilum samninga um viðbótartryggingavernd og séreignasparnað í samræmi við lög nr. 129/1997, og gera samninga við þá aðila, sem uppfylla skilyrði 3. mgr. 8. gr. nefndra laga, um einstaka þætti viðbótartryggingaverndar og rekstur séreignadeildar.
- 3.6. Allir þeir sem greitt er fyrir, greiða eða hafa greitt iðgjöld til samtryggingardeildar sjóðsins og eiga hjá honum réttindi, teljast sjóðfélagar. Sama gildir um þá sem njóta elli- eða örorkulífeyris frá sjóðnum.
- 3.7. Heimilt er að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgja milli lífeyrissjóða þegar að töku lífeyris kemur. Aðild að sjóðnum fellur niður, ef sjóðfélagi fær útborguð réttindi sín í einu lagi, sbr. 18.2. og 19.9., eða þau flytjast samkvæmt samskiptareglum lífeyrissjóða í annan lífeyrissjóð.

4. Stjórn.

- 4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda að jöfnu. Stjórnin skal skipuð sex mönnum og skulu þrír kjörnir af þeim stéttarfélögum sem aðild eiga að sjóðnum og þrír af Samtökum atvinnulífsins. Fulltrúar stéttarfélaga skulu kosnir eftir þeim reglum, sem þau stéttarfélög sem aðild eiga að sjóðnum koma sér saman um. Fulltrúar atvinnurekenda skulu kosnir af framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins, þar af einn tilnefndur af Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja.
 - 4.1.1. Sex varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og til jafn langs tíma og aðalmenn.

- 4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er þrjú ár og skal hvor aðili um sig kjósa árlega einn stjórnarmann og einn til vara.
- 4.3. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, hafa náð 20 ára aldri, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu og mega ekki á síðustu 5 árum hafa, í tengslum við atvinnurekstur, fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samskiptum almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, eru þó undanþegnir þessu búsetuskilyrði. Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tillýðilegan hátt. Meirihluti stjórnarmanna skal vera greiðandi í Lífeyrissjóð Vestmannaeyja eða sjóðfélagar.
- 4.4. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélag hafa á hendi formennsku til skiptis, eitt ár í senn. Stjórnin skal setja séi starfsreglur; hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.
- 4.5. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Stjórn sjóðsins mótar innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfestir eftirlitsferla, ræður forstöðumann endurskoðunardeildar, eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um að annast innra eftirlit. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingastefnu hans, setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá skal stjórnin setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fá þær staðfestar af Fjármálaeftirlitinu.
 - 4.5.1. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir þeirri stefnu og fyrirætlunum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Framkvæmdastjórinn er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í sjóðnum. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, til dæmis ákvarðanir um fjárfestingu í atvinnurekstri eða fasteignum, skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar, eða samskiptum áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiriháttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfund.
 - 4.5.2. Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.
- 4.6. Al ar meiriháttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.

- 4.6.1. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingastefnu og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.
- 4.6.2. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn, og endurskoðanda allar upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
- 4.7. Stjórnarmaður lífeyrissjóðs eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls, ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki, þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnarsýslulaga. Skylt er þeim, sem í hlut á, að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfni skv. framansögðu. Skal þá varamaður taka sæti aðalmanns meðan fjallað er um mál sem svo er vaxið. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Um hæfi framkvæmdastjóra fer að öðru leyti eftir grein 4.3.
- 4.7.1. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru til þess fallnar, að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra, eða á kostnað sjóðsins. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur lífeyrissjóðsins, eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.
- 4.7.2. Hvorki stjórnarmenn né starfsmenn sjóðsins skulu sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins, né heldur áhættufjármagnsfyrirtæki sem sjóðurinn á hluti í. Sjóðstjórn skal setja sjóðnum hluthafastefnu sem leggi meginlínur um það hvernig sjóðurinn stendur að viðskiptum á hlutabréfamarkaði og um afstöðu hans til félaga sem fjárfest hefur verið í. Ef stjórnarmaður lífeyrissjóðsins er jafnframt stjórnarmaður í fyrirtæki sem sjóðurinn á verulegan hlut í, getur sá hinn sami ekki gegnt stjórnarformennsku í lífeyrissjóðnum.
- 5. Ársfundur.**
- 5.1. Fyrir maílok ár hvert skal stjórn lífeyrissjóðsins boða til ársfundar sjóðsins og hefur hann æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðru vísi ákveðið í samþykktum þessum. Stjórnin skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarfélaga sjóðsins, með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í dagblaði, útvarpi eða á annan sannanlegan hátt með a.m.k. 7 daga fyrirvara. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.
- 5.2. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar, þegar þurfa þykir. Skylt er stjórninni að boða til aukafundar, ef meirihluti þeirra stéttarféлага, sem eiga aðild að sjóðnum, krefst þess skriflega og tilgreinir fundarefni. Sama gildir ef slík ósk

berst frá Samtökum atvinnulífsins. Til fundarins skal boðað með sama hætti og kveðið er á um í 5.1.

- 5.3. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaganna og atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á fundum í umboði aðildarsamtaka sjóðsins og í samræmi við ákvæði samþykktu þessara. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu, án tillits til fjölda fulltrúa hvors hóps fyrir sig á fundinum. Fulltrúar stéttarfélaganna þeirra, sem aðild eiga að sjóðnum samkvæmt grein 3.1., skulu valdir eftir þeim reglum sem stéttarfélögin koma sér saman um. Fulltrúar atvinnurekenda skulu valdir eftir þeim reglum sem Samtök atvinnulífsins setja.
- 5.4. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaganna greiði atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.
- 5.5. Dagskrá ársfundar:
 - 5.5.1. Skýrsla stjórnar.
 - 5.5.2. Kynning ársreiknings.
 - 5.5.3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt.
 - 5.5.4. Gerð grein fyrir fjárfestingastefnu sjóðsins.
 - 5.5.5. Stjórnarkjör samkvæmt grein 4.1.
 - 5.5.6. Kcsning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarskrifstofu.
 - 5.5.7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 23. greinar.
 - 5.5.8. Ákvörðun um laun stjórnarmanna.
 - 5.5.9. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.
6. **Reikningar og endurskoðun.**
 - 6.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og skulu þeir gerðir í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.
7. **Tryggingafræðileg athugun.**
 - 7.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega láta reikna út fjárhag sjóðsins í samræmi við 24. og 39. gr. laga nr. 129/1997 og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra

lágmarksréttinda, sem sjóðurinn er skuldbundinn að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2. Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótarréttinda sem sjóðurinn kann að veita umfram ofangreint lágmark. Athugun skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hafa viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins til slíks starfs. Fyrir 1. júlí ár hvert skal senda Fjármálaeftirlitinu hina tryggingafræðilegu athugun.

- 7.2. Hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skal vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af. Lífeyrisréttindi sjóðsins til framtíðar skulu endurskoðuð árlega og breytt ef tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins gefa tilefni til sbr. ákvæði greinar 10.1., en um breytingar á áunnum réttindum fer eftir ákvæðum greina 7.3. og 7.4.
- 7.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að eignir sjóðsins séu meira en 10% umfram lífeyrisskuldbindingar hans, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um hækkun lífeyrisréttinda. Sama gildir, ef jákvæður munur hefur haldist meiri en 5% samfelld í fimm ár. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt, að höfðu samráði við tryggingafræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, að auka áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Aukningin skal gerð þannig að áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 11.-14. gr. þessara samþykta eru aukin hlutfallslega jafn mikið. Staða sjóðsins, þ. e. mismunur eigna og skuldbindinga samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt, skal þó ætíð vera jákvæð eftir aukningu réttinda, bæði þegar litið er til áunninna réttinda og heildarréttinda. Sjá yfirlit um sérstakar breytingar á áunnum lífeyrisréttindum í viðauka B.
- 7.4. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að eignir sjóðsins séu meira en 10% lægri en lífeyrisskuldbindingar hans, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um lækkun lífeyrisréttinda, enda finnst ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Sama gildir, ef neikvæður munur hefur haldist meiri en 5% samfelld í fimm ár. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt, að höfðu samráði við tryggingafræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, að lækka áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Lækkunin skal gerð með því að skerða áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 11.-14. gr. þessara samþykta, hlutfallslega jafn mikið. Sjá yfirlit um sérstakar breytingar á áunnum lífeyrisréttindum í viðauka B.
- 7.5. Nú leiðir tryggingafræðileg athugun í ljós, að fjárhagur sjóðsins er svo ótryggur að við svo búið má ekki standa og ætla má, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, að eignir hans muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við þau lágmarksréttindi, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. grein 2.2. Skal stjórn sjóðsins þá boða til aukaársfundar eins fljótt og verða má og eigi síðar en innan sex mánaða frá því að hin tryggingafræðilega niðurstaða lá fyrir. Á fundinum skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um sameiningu við annan samtryggingarsjóð, eða lokun sjóðsins. Jafnframt skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um hjá hvaða lífeyrissjóði tryggja beri sjóðfélögum lífeyrisrétt.

Tillögurnar skal afgreiða með sama hætti og tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins.

8. Ávöxtun fjár sjóðsins.

- 8.1. Stjórn sjóðsins skal ákveða fjárfestingastefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Skipting á eignasafni sjóðsins í einstaka eignaflokka, sem og frekari viðmiðanir og skilyrði varðandi einstakar fjárfestingar, skulu á hverjum tíma vera í samræmi við fjárfestingastefnu sjóðsins og ákvæði laga nr. 129/1997. Eftirfarandi skilyrði gilda m.a. um fjárfestingar:
- Verðbréf skv. 8.1.1. (ríkis), 8.1.2. (sveitarfél.), 8.1.5. (banka), 8.1.6. (hlutabr.), 8.1.7. (í sjóðum skv. lögum 30/2003), 8.1.8. (sjóðum um sameiginlega fjárfestingastefnu) og 8.1.9. (önnur bréf) skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði.
 - Þó er heimilt að fjárfesta fyrir samtals allt að 20% af hreinni eign sjóðsins í verðbréfum, sem falla undir 8.1.1. (ríkis), 8.1.2. (sveitarfél.), 8.1.5. (banka), 8.1.6. (hlutabr.), 8.1.8. (sjóðum um sameiginlega fjárfestingastefnu) og 8.1.9. (önnur bréf), í bréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði, enda séu bréfin gefin út af aðilum innan aðildarríkja OECD eðarríkja Evrópska efnahagssvæðisins. Fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum eru þó eingöngu heimil ef engar hömlur eru á viðskiptum með hlutabréfin og ársreikningar hlutafélaganna öllum aðgengilegir.
 - Verðbréf skv. liðunum 8.1.2. (sveitarfél.), 8.1.5. (banka), 8.1.8. (sjóðum um sameiginlega fjárfestingastefnu), 8.1.9. (önnur bréf), hverjum fyrir sig, skulu ekki vera meira en 50% af hreinni eign sjóðsins.
 - Verðbréf skv. lið 8.1.6 skulu ekki vera meira en 60% af hreinni eign sjóðsins. Þá skal samanlögð eign skv. liðum 8.1.6. og 8.1.8 ekki vera meiri en 60% af hreinni eign sjóðsins (hlutabréf og hlutdeildarskírteini, skráð og óskráð).
 - Takmarka skal áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 50% af hreinni eign sjóðsins. Erlendum verðbréfum skal skipt á flokka sbr. gr. 8.1.1. - 8.1.6 og 8.1.8. - 8.1.9.
 - Með skipulegum markaði er átt við skipulegan verðbréfamarkað innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og ríkja Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar reglulega, er opinn almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan. Sé markaðurinn utan ríkja OECD eða Evrópska efnahagssvæðisins skal Fjármálaeftirlitið hafa viðurkennt hann.

Heimilt er að ávaxta fé sjóðsins með eftirfarandi hætti:

- 8.1.1. Í ríkisskuldabréfum, ríkisvíxlum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs. Þrátt fyrir ákvæði um skráð gengi er lífeyrissjóðnum heimilt að flokka óskráð bréf tengd húsnæðislánunum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna á árunum 1972-1994 sem skráð bréf.
- 8.1.2. Í skuldabréfum og víxlum sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og skuldabréfum og víxlum sem tryggð eru með ábyrgð þessara aðila.
- 8.1.3. Með innlánunum í bönkum og sparisjóðum. Ekki er heimilt að binda meira en 25% af hreinni eign í innlánunum í sama banka eða sparisjóði.

- 8.1.4. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign, að hámarki 75% af metnu markaðsverði, nema þegar um er að ræða sérhæft atvinnuhúsnæði, þá skal hámark þetta vera 35%.
- 8.1.5. Í skuldabréfum og víxlum banka, sparisjóða, lánasjóða og fjármála'yfirtækja með trausta eiginfjárstöðu, sem lúta eftirliti opinbers eftirlitsaðila.
- 8.1.6. Í hlutabréfum. Lífeyrissjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 15% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Þetta ákvæði gildir þó ekki gagnvart eignarhlutum í félögum, sem sérstaklega eru stofnuð til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins.
- 8.1.7. Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða samkvæmt lögum 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, eða tilskipun 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS-tilskipuninni). Eigi er sjóðnum heimilt að eiga meira en 25% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum útgefnum af sama verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði eða einstakri deild hans. Eigi er lífeyrissjóði eða einstakri deild hans heimilt að hafa meira en 25% af hreinni eign sinni í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum innan sama rekstrarfélags. Ekki er heimilt að fjárfesta eða eiga í fjárfestingarsjóðum sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu. Verðbréfasafni að baki skírteinum eða hlutum skal skipt á flokka skv. gr. 8.1.1.-8.1.9. með tilliti til takmarkana samkvæmt 8.1.
- 8.1.8. Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingastefnu. Lífeyrissjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 15% af útgefnum hlutdeildarskírteinum eða hlutum hvers þessara sjóða. Eign lífeyrissjóðsins í slíkum sjóðum sem lúta ekki opinberu eftirliti skal þó aldrei vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins.
- 8.1.9. Í öðrum verðbréfum. Heildarkröfur samkvæmt þessum lið á hendur einum aðila, tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðu mega ekki vera umfram 5% af hreinni eign sjóðsins.
- 8.1.10. Með gerð afleiðusamninga sem draga úr áhættu sjóðsins.
- 8.2. Samanlögð eign lífeyrissjóðsins í verðbréfum skv. gr. 8.1.2.-8.1.9. útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðu skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Strangari reglur gilda um verðbréf skv. gr. 8.1.9. og er þeirra getið þar. Samanlögð eign skv. gr. 8.1.2., 8.1.4.-8.1.9. og innlánnum skv. gr. 8.1.3. útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðu skal ekki vera meiri en 25% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris.
- 8.3. Stjórn lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingastefnu, þar sem sett eru viðmið að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignum. Þar skal enn fremur koma fram markmið um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika eigna og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að endurspegli best fjárfestingastefnuna og gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins. Á ársfundi lífeyrissjóðsins, skal stjórn sjóðsins kynna fjárfestingastefnuna, sbr. 5.5.4.
- 8.4. Heimilt er sjóðnum að eiga fasteign fyrir skrifstofur sínar.

- 8.5. Framangreind ákvæði 8. greinar eiga einungis við um samtryggingardeild sjóðsins frá og með 1. janúar 2010.
- 8.6. Ávöxtun fjár séreignadeildar.**
- 8.6.1. Móta skal fjárfestingastefnu fyrir hverja fjárfestingaleið þar sem fjárfestingar, aðrar en innlánsreikningar, eru sundurliðaðar með hliðsjón af 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997. Fjárfestingastefna séreignadeildar skal að öðru leyti háð eftirfarandi takmörkunum:
- 8.6.2. Ekki er heimilt að fjárfesta fyrir meira en 20% af hreinni eign hvernar fjárfestingaleiðar í verðbréfum sem ekki eru skráð á skipulegum markaði.
- 8.6.3. Samanlögð eign hvernar fjárfestingaleiðar í fjármálagerningum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, eða aðilum sem tilheyra sönu samstæðunni skal ekki vera meira en 20% af hreinni eign sjóðsins. Verðbréf skv. 1. tölul. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 falla ekki undir ákvæði þetta.
- 8.6.4. Samanlögð eign hvernar fjárfestingaleiðar má ekki vera meira en 30% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum útgefnum af sama verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði eða einstakri deild hans eða í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum sem hlutfall af hreinni eign innan sama rekstrarfélags.
- 8.6.5. Vörsluaðilum séreignasparnaðar er ekki heimilt að fjárfesta eða eiga í fjárfestingarsjóðum skv. 7. tölul. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 sem fjármagna sig með lántöku eða skortsölu.
- 8.6.6. Hlutabréf fyrirtækja mega ekki vera meira en 70% af samanlagðri eign hvernar fjárfestingaleiðar.
- 8.6.7. Afleiðusamningar mega ekki vera meira en 10% af hreinni eign hvernar fjárfestingaleiðar.
- 8.6.8. Ákvæði greinar 8.6. öðlast gildi 1. janúar 2010.
- 9. Iðgjöld og önnur framlög.**
- 9.1. Iðgjöld til samtryggingardeildar sjóðsins skulu vera skv. kjara- eða ráðningarsamningi, ekki lægri en 12% og ekki hærri en 15,5% af launatekjum sjóðfélaga 16 ára til 70 ára, sem tilgreind eru í 9.2. og 9.3., og mynda þau rétt til samtryggingarverndar samkvæmt ákvæðum samþykpta sjóðsins. Sjóðfélaga er heimilt að hækka eða lækka iðgjald til samtryggingarverndar frá því sem kjara- eða ráðningarsamningur segir til um, innan ofangreindra marka, enda sé gerður um það sérstakur skriflegur samningur á milli sjóðfélaga og lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóðurinn setur og gefur út skilmála um slíkan samning. Ákvæði til bráðabirgða: Lágmarksiðgjald sbr. ofangreint skal vera 11% á tímabilinu 1. janúar 2005 til 31. desember 2006.
- 9.2. Iðgjald samkvæmt 9.1. skal reiknað af heildarfjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hverskonar vinnu, starf og þjónustu. Stofn til iðgjalds skal vera allar tegundir launa eða þóknana fyrir störf sem skattskyld eru skv. 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Til gjaldstofns skal þó ekki telja hlunnindi sem greidd eru í fríðu, svo sem fatnað, fæði og húsnæði,

eða greiðslur sem ætlaðar eru til endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, t.d. ökutækjastyrki, dagpeninga og fæðispeninga. Ennfremur skal ekki telja til gjaldstofns eftirlaun og lífeyri sem Tryggingastofnun ríkisins eða lífeyrissjóður greiðir, bætur greiddar af Tryggingastofnun ríkisins, slysa- og sjúkradagpeninga úr sjúkrasjóðum stéttarfélaganna og bætur tryggingafélaga vegna atvinnutjóns af völdum slysa. Þá skal telja til iðgjaldsstofns atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

- 9.3. Iðgjaldstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 59. gr. þeirra laga. Um iðgjaldshlutfall fer eftir gr. 9.1.
- 9.4. Launagreiðanda ber að halda eftir iðgjöldum sbr. 9.1. af launum starfsmanna sinna og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldalagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. dagur næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skal greiða vanskilavexti af vanskilaskuldinni, sem saman standa af grunni dráttarvaxta og vanefndaálagi samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma í samræmi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá gjalddaga til greiðsludags. Launagreiðendum og sjálfstæðum atvinnurekendum ber að tilkynna lífeyrissjóðnum, ef þeim ber ekki lengur að standa skil á lífeyrisiðgjaldi, þar sem þeir hafa hætt starfsemi eða starfsmenn þeirra hafa látið af störfum. Launagreiðendur og sjálfstæðir atvinnurekendur skulu senda lífeyrissjóðnum skilgrein með iðgjöldunum, þar sem m.a. koma fram iðgjaldahlutur öll og iðgjöld hvers aðila samkvæmt kjara- eða ráðningarsamningi, ásamt því iðgjaldshlutfalli og iðgjaldi sem renna skal til samtryggingar. Lífeyrissjóðurinn setur og gefur út reglur um form skilgreinarinnar. Liggi ekki annað fyrir, skal við innheimtu iðgjalds miðað við að iðgjaldshluti launamanns sé 4% en launagreiðanda það sem umfram er, þó að lágmarki 8%.
- 9.5. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.
- 9.6. Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. 9.7. og 9.8. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum sjóðfélaga vegna þeirra iðgjalda, sem glatast við gjaldþrot og Ábyrgðarsjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 6. grein laga nr. 53/1993.
- 9.7. Tvisvar á ári skal senda greiðandi sjóðfélögum yfirlit um iðgjöld og réttindi sín. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila yfirlitum með rafrænum hætti óski sjóðfélagi eftir því. Sjóðurinn skal samtímis með opinberri auglýsingu skora á alla þá sem telja sig hafa greitt iðgjöld til sjóðsins á undangengnu tímabili og ekki fengið yfirlit skv. framanskraðu, gera sjóðnum án tafar viðvart um ætluð vanskil. Hafi athugasemdir frá sjóðfélagi, staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits eða birtingu auglýsingar, sé það síðar, og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli

iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd. Samhliða yfirliti þessu skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa ellilífeyrisaldri

- 9.8. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðanda. Heimilt er lífeyrissjóði að byggja innheimtuaðgerðir á áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil.
- 9.9. Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og mynda réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfalli, þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 9.8. fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimtukostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað, samanber meðferð mála á greiðslustöðvunartímabili launagreiðanda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.
- 9.10. Senda skal lokaáðvörun til launagreiðenda, ef iðgjöld samkvæmt innsendum skilagreinum hans hafa verið í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga. Sama gildir um iðgjöld skv. ákvæðum greinar 9.8. Formlega innheimtu skal hefja innan 15 daga frá útsendingu lokaáðvörunar, eða fyrr sé rökstudd ástæða til að ætla að greiðsla iðgjaldskröfu sé ótrygg.
- 9.11. Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið að iðgjöld samkvæmt 9.1. skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans, sbr. 13.7. og 11.6. Þessari skiptingu skal hætt að ósk sjóðfélaga, enda framvísi hann skilríkjum um að fjárfélagi hans og maka hans hafi verið slitið, eða aðilar gert með sér nýtt samkomulag.
- 9.12. Iðgjöld til séreignadeildar eru viðbótariðgjöld samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga. Þau skulu byggjast á samningi um viðbótartryggingavernd í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 og reglugerðar nr. 698/1998.

9.13 Sérstakt framlag til jöfnunar á örorkubyrði.

Framlagi hvers árs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, sbr. 18. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald, skal ráðstafa í samræmi við ákvæði 19. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þannig að ávinnsla nýrra réttinda og lífeyrir vegna geymdra réttinda hækki á komandi ári um sama hundraðshluta eins og nánar er tilgreint hér:

- a. Auka skal réttindainnvinnslu sjóðfélaga sem nemur 2,7% iðgjalda þeirra. Réttindi skv. ákvæði þessu reiknast að fullu skv. reglum um aldursháða ávinnslu. Þessi réttindi skal auðkenna sérstaklega í réttindabókhalda sjóðsins og veita þau ekki rétt til framreiknings.
- b. Greiða skal viðbótarlífeyri til lífeyrisþega annarra en barnalífeyrisþega sem nemur 2,7% af lífeyri þeirra. Viðbótarlífeyririnn greiðist mánaðarlega eins og annar lífeyrir. Þessi viðbótarlífeyrir skal merktur sérstaklega í réttindabókhalda sjóðsins.

Framangreint framlag til aukningar réttindaávinnslu og lífeyrisgreiðslna skulu hverju sinni að hámarki nema örorkuframlagi ársins.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins skal árlega meta skuldbindingar sjóðsins skv. framangreindri reglu miðað við örorkuframlag ársins og vænt iðgjöld og lífeyrisgreiðslur á komandi ári og gera tillögu um breytingu á hundradshluta viðbótar ávinnslu og lífeyris, gefi matið til þess tilefni. Skal sjóðsstjórn þá leggja tillögur að breytingum samþykktar lífeyrissjóðsins fyrir ársfund hans svo tryggt sé að örorkuframlagið dugi fyrir skuldbindingum skv. a. og b. lið hér að framan.

Gildistaka. Ákvæði 9.13. tekur gildi við staðfestingu fjármálaráðherra.

10. Grundvöllur lífeyrisréttinda.

- 10.1. Réttindi sjóðfélaga til lífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í lífeyrissjóðinn hverju sinni. Reiknigrundvöllur lífeyrissjóðsins er í viðauka C, sem telst hluti af samþykktum þessum. Þar eru tilgreindar tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins og hvernig áfallnar og heildarskuldbindingar sjóðsins skulu reiknaðar. Eins er tilgreint hvernig lífeyrisréttindi sjóðfélaga eru reiknuð í samræmi við réttindaákvæði 11.-14. gr. og eru niðurstöðurnar birtar í réttindatöflum I til IV í viðauka A, sem einnig telst hluti af samþykktum þessum. Tryggingastærðfræðingur sjóðsins skal gera tillögu um nýjar réttindatöflur þegar núvirði iðgjalda sem rennur til lífeyrisréttinda samkvæmt aldursháðri réttindatöflu, verður meira en 5% umfram eða undir núvirði aldursháðra framtíðarréttinda. Stjórnin skal þá leggja fram til afgreiðslu nýjar réttindatöflur á næsta ársfundi eða aukaársfundi.
- 10.2. Ávinnsla réttinda ræðst af aldri sjóðfélaga í lok þess launamánaðar sem iðgjald er greitt af til lífeyrissjóðsins samkvæmt töflu I í viðauka A, sbr. þó gr. 10.3. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar frá þeim launamánuði sem iðgjald er greitt af. Lífeyrisréttindin eru skilgreind í 11.-14. gr., sbr. þó greinar 10.3. og 10.4.
- 10.3.1. Sjóðfélaga sem á réttindi í sjóðnum miðað við árslok 2004 er heimilt að greiða til hans iðgjöld allt að tilteknu hámarki með jafnri réttindaávinnslu í jafn marga mánuði og viðkomandi hafði greitt iðgjöld til sjóðsins fyrir 42 ára aldur í lok árs 2004. Hafi hann greitt iðgjöld í full 5 ár á umræddu tímabili á hann rétt á að greiða allt að viðmiðunariðgjaldi í jafnri ávinnslu til 70 ára aldurs. Þessi jafna ávinnsla miðast við meðaltal réttindaávinnslu aldursáranna 25 til og með 64 ára skv. töflu I í viðauka A, þar sem meðaltalið er birt sérstaklega. Hámarksíðgjald til jafnrar ávinnslu á hverju almanaksári, viðmiðunariðgjald, skal ákveðið fyrir hvern sjóðfélaga, sem er á aldrinum 25 til og með 69 ára, jafnhátt því iðgjaldi sem hann greiddi til sjóðsins á árinu 2003 eða síðasta árið sem iðgjald barst sjóðnum hans vegna, hafi það verið fyrr. Viðmiðunariðgjaldið skal þó ekki taka mið af iðgjaldsgreiðslum umfram 10% af iðgjaldsstofni. Hafi iðgjaldsgreiðslur það ár ekki endurspeglað venjubundnar greiðslur, s.s. vegna starfshléa eða að greiðslum hafi verið hætt á árinu, skal eftir umsókn sjóðfélaga miða útreikning á viðmiðunariðgjaldi við iðgjaldsgreiðslur næsta ár á undan sem stjórn sjóðsins telur gefa sanngjarna mynd af reglulegum iðgjaldsgreiðslum sjóðfélagans. Viðmiðunariðgjald skv. framanskraðu tekur breytingum í hlutfalli við breytingar sem verða á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar frá viðmiðunarári til greiðsluárs hverju sinni.

- 10.3.2. Öll iðgjöld sem berast sjóðnum á ári hverju vegna sjóðfélaga sem er 25 ára eða eldri í árslok 2004 og hefur skilgreint viðmiðunariðgjald skv. framanskráðu, skulu færast í jafnri réttindaávinnslu allt þar til viðmiðunariðgjaldinu er náð eða útreiknuðu iðgjaldsgreiðslutímabili er lokið. Sjóðurinn skal sérstaklega gæta þess að réttindaávinnsla þeirra sem ekki eiga rétt á jafnri réttindaávinnslu til 70 ára aldurs skv. 10.3.1. sé samkvæmt þeim ávinnslureglum er gefa meiri rétt á hlutaðeigandi tímabili. Iðgjald sem berst umfram framangreint viðmiðunar-iðgjald myndar réttindi samkvæmt aldursháðri réttindatöflu sjóðsins. Þegar öll iðgjöld ársins hafa borist vegna sjóðfélaga sem á skilgreint viðmiðunariðgjald, skal skipta því á einstaka mánuði í sömu hlutföllum og þeim iðgjöldum sem hafa borist. Sá hluti iðgjalda sem er umfram viðmiðunariðgjaldið ávinnur honum réttindi skv. töflu I í viðauka A.
- 10.3.3. Við framreikning réttinda skv. ákvæðum 12.-14. gr. skal reikna með jafnri ávinnslu í samræmi við hlutdeild viðmiðunariðgjalds sjóðfélagans af þeim iðgjöldum sem lögð eru til grundvallar framreikningi.
- 10.3.4. Lífeyrissjóðurinn skal upplýsa sjóðfélaga um útreikning á viðmiðunariðgjaldi til jafnarar réttindaávinnslu skv. framanskráðu innan þriggja mánaða frá því að hann greiðir fyrst til sjóðsins eftir 1. júlí 2005. Telji sjóðfélagi viðmiðunarárið ekki gefa saungjarna mynd af venjubundnum iðgjaldsgreiðslum hans, getur hann óskað eftir því við sjóðstjórn að annað ár verði lagt til grundvallar útreikningi viðmiðunariðgjalds. Ósk um endurskoðun viðmiðunariðgjalds skal berast sjóðnum í síðasta lagi 9 mánuðum eftir að sjóðfélaginn fékk tilkynningu um útreikning viðmiðunariðgjalds.
- 10.3.5. Ekki skal reikna viðmiðunariðgjald fyrir sjóðfélaga sem eru yngri en 20 ára eða eldri en 70 ára þann 1. júlí 2005. Sjóðfélagi getur hvenær sem er ákveðið að allt iðgjald hans færist til réttinda eftir aldursháðri réttindatöflu. Ákvörðun sjóðfélaga þar um öðlast gildi frá upphafi þess árs sem tilkynning hans berst sjóðnum og er sú ákvörðun óafturkræf. Réttur til jafnarar ávinnslu skv. ákvæðum þessa kafla telst frá gildistöku samþykpta þessara eða frá þeim tíma er sjóðfélagi fyrst er heimilt að greiða til sjóðsins vegna launatekna af vinnu á starfssviði hans og fellur niður, sé hann ekki nýttur án eðlilegra skýringa að mati sjóðstjórnar.
- 10.3.6. Stjórn sjóðsins er heimilt að gera samkomulag við aðra lífeyrissjóði innan Landssamtaka lífeyrissjóða, sem hafa miðað við jafna réttindaávinnslu á árinu 2003, um gagnkvæma viðurkenningu iðgjaldsgreiðslna til útreiknings viðmiðunariðgjalds skv. framanskráðu. Þá er sjóðunum heimilt að halda samræmda tölvuskra um rétt manna til jafnarar ávinnslu og kveða á um, hvernig sá réttur deilist niður, sé iðgjald greitt til fleiri sjóða.
- 10.4. Áunnin lífeyrisréttindi eins og þau eru skilgreind í 11.-14. gr. og reiknuð samkvæmt greinum 10.2. og 10.3. skulu varðveitt í samræmi við gildandi reglur hverju sinni, þannig að lífeyrisgreiðslur verði samkvæmt uppsöfnuðum réttindum hvers réttindatímabils. Framreikningur skal hverju sinni vera samkvæmt þeim reglum sem gilda þegar réttur til lífeyris varð virkur. Samtala lífeyrisréttinda er summa áunninna lífeyrisréttinda og framreiknaðra lífeyrisréttinda, ef slík réttindi hafa verið úrskurðuð. Framreiknuð lífeyrisréttindi teljast ekki með áunnum lífeyrisréttindum nema að því marki sem þau hafa fallið til frá úrskurði framreiknings, sbr. gr. 12.11.a. og 13.6.a. og minnkar framreiknaði hlutinn þá sem því nemur. Þegar stjórn sjóðsins ákveður aukningu réttinda skulu þau vera greind

frá öðrum réttindum. Réttindaaukning er ekki tekin með í framreikningi en hún reiknast að fullu í áunnum réttindum. Komi til skerðingar á áunnum réttindum sjóðfélaga skal fara með réttindaskerðinguna á sama hátt og réttindaaukningu nema að skerðingin kemur til frádráttar áunnum réttindum. Breyting réttinda skv. framanskráðu skal færð í réttindabókhald sjóðsins miðað við síðasta mánuð þess tímabils sem tryggingafræðileg úttekt skv. 7. kafla samþykta þessara tekur til, þannig að hækkun eða lækkun lífeyrisgreiðslna taki gildi frá og með næsta mánuði þaðan í frá.

- 10.5. Áunnin geymd lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóði Vestmannaeyja þann 30. júní 2005 skulu varðveitt skv. þeim réttindareglum sem giltu þann dag í lífeyrissjóðnum. Um áhrif á fjárhæð lífeyris vegna frestunar eða flýtingar lífeyristöku skv. áunnum rétti þann 30. júní 2005, fer skv. meginreglu 2. ml. í gr. 11.2. og 11.3. eins og sýnt er í töflum V og VI í viðauka A.
- 10.6. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á ellilífeyristryggingar og áskilur sér heimild til að verja þau réttindi umfram önnur við endurskoðun á réttindaákvæðum samþykta þessara.

11. Ellilífeyrir.

- 11.1. Sjóðfélagi á aldrinum 60 til 70 ára, sem á réttindi í sjóðnum skv. 10. grein, á rétt á ævilöngum ellilífeyri. Sjóðfélagi sem hefur töku ellilífeyris 67 ára gamall fær réttindi samkvæmt töflu I.
- 11.2. Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris eftir 67 ára aldur hækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu III fyrir hvern mánuð sem liður frá 67 ára aldri þar til taka lífeyris hefst. Hækkun ellilífeyrisréttindanna miðast við það að verðmæti ellilífeyrisins til æviloka sé hið sama og hjá þeim sem hefja töku ellilífeyris 67 ára miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins.
- 11.3. Þegar sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris fyrir 67 ára aldur lækkar upphæð ellilífeyris samkvæmt töflu I eins og segir í töflu II fyrir hvern mánuð sem sjóðfélagann vantar upp á 67 ára aldur þegar taka lífeyris hefst. Lækkun ellilífeyrisréttindanna miðast við það að verðmæti ellilífeyrisins til æviloka sé hið sama og hjá þeim sem hefja töku ellilífeyris 67 ára miðað við tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins.
- 11.4. Við töku ellilífeyris fyrir 67 ára aldur ráðstafar sjóðfélagi elli- og örorkulífeyrisréttindum sínum endanlega og á því ekki sjálfsæðan rétt til örorkulífeyris eftir það. Hafi hann áunnið sér viðbótarrétt til ellilífeyris með iðgjaldsgreiðslum eftir að hann hóf töku lífeyris skal endurúrskurða honum ellilífeyri, hafi hann misst starfsorku sem nemur 50% eða meira.
- 11.5. Iðgjöld sem sjóðfélagar greiða eftir 67 ára aldur veita réttindi samkvæmt töflu IV. Ellilífeyrisréttindi sem aflað er á hverju aldursári samkvæmt þessari grein koma fyrst til greiðslu fyrir fyrsta mánuð eftir næsta afmælisdag og þá aðeins samkvæmt sérstakri umsókn sjóðfélaga. Ellilífeyri skal þó greiða eigi síðar en vegna næsta mánaðar eftir 70 ára afmælisdaginn og þá án sérstakrar umsóknar. Ellilífeyrir sem aflað er skv. töflu IV hækkar þegar töku hans er frestað fram yfir næsta afmælisdag samkvæmt því sem tilgreint er í töflunni. Réttindi veita rétt til makalífeyris í samræmi við ákvæði 13. greinar.

- 11.6. Gagnkvæm og jöfn skipting ellilífeyrisréttinda.**
- 11.6.1. Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans sbr. 13.7., getur sjóðfélagi ákveðið að ellilífeyrisgreiðslur, sem renna eiga til hans, skuli allt að hálfu renna til maka hans eða fyrrverandi maka. Skal lífeyrissjóðurinn þá skipta greiðslum í samræmi við ákvörðun sjóðfélagsins, en þær falla niður við andlát hans. Deyi maðinn eða fyrrverandi maki, sem nýtur slíkra greiðslna, hins vegar á undan sjóðfélaginum, skulu greiðslurnar allar renna til sjóðfélagsins.
- 11.6.2. Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans sbr. 13.7., getur sjóðfélagi áður en taka lífeyris hefst en þó eigi síðar en fyrir 65 ára aldur og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum hans, ákveðið að verðmæti uppsafnaðra áunninna ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka, og skerðast þá ellilífeyrisréttindi sjóðfélagsins, sem því nemur. Ellilífeyrir makans skal ákvarðast af mati tryggingafræðings, sem miðast við að heildarskuldbindingar sjóðsins aukist ekki við þessa ákvörðun sjóðfélagsins.
- 11.6.3. Samkomulag sjóðfélaga og maka hans skv. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997 sbr. greinar 9.11., 11.6.1. og 11.6.2. í samþykktum þessum, skal eftir því sem við á, fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna ellilífeyrisréttinda beggja aðila, meðan hjúskapur, staðfest samvist eða óvígð sambúð hefur staðið eða stendur.
- 11.7. Ellilífeyrir er greiddur sem föst fjárhæð á mánuði til dauðadags samkvæmt uppsöfnuðum réttindum. Réttur til ellilífeyris fellur niður við andlát.
- 12. Örorculífeyrir.**
- 12.1. Sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi, sem talið er að svari til 50% örorku eða meira á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin réttindi skv. 10. gr. og nánari skilmála þessa kafla. Auk áunninna réttinda skv. framanskráðu á sjóðfélagi rétt á örorkulífeyri miðað við framreikning á því, hvað ætla má að hefðu orðið réttindi hans við áframhaldandi iðgjaldsgreiðslur skv. nánari skilmálum þessa kafla. Skilyrði framreikningsréttar eru að sjóðfélaginn hafi:
- Greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og a.m.k. kr. 60.000 hvert þessara þriggja ára. Hafi sjóðfélagi unnið reglubundið hlutastarf á tímabilinu skal miða við að lágmarksiðgjald hafi verið a.m.k. kr. 40.000.
 - Greitt iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum.
 - Orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.
 - Ekki sjálfur átt sök á orkutapi vegna ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna. Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins.
- 12.2. Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt skilyrði gr. 12.1. um iðgjaldagreiðslutíma, er sjóðsstjórn heimilt að stytta áskilinn tíma, í tvö undanfarandi almanaksár enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap. Hafi sjóðfélagi hins vegar öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði í allt að 24

mánuði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna, skal framreikningsréttur stofnast á nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til sjóðsins.

- 12.3. Réttur til örorkulífeyris stofnast því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. gr. 14.4. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Til mats á því hvort tekjuskerðing hafi orðið vegna örorkunnar skal úrskurða sjóðfélaganum viðmiðunartekjur, sem skulu vera meðaltal tekna sjóðfélagsins síðustu fjögur almanaksár fyrir orkutapið reiknaðar til úrskurðardags, sbr. a) lið gr. 12.6. um framreikning. Heimilt er að miða við meðaltal tekna síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið vegna sjóðfélaga, er fengið hefur úrskurðaðan örorkulífeyrir fyrir 1. janúar 2006, sbr. einnig a) lið gr. 12.6. Frá úrskurðardegi skulu viðmiðunartekjurnar taka breytingum í samræmi við breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs. Við útreikning tekjumissis skal tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar. Í úrskurði um lífeyri skal greina hvaða launatekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélaga megi vera ljóst við hvaða mörk lækking örorkulífeyris vegna tekna er miðað. Örorkulífeyrisþega er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar skv. launaframtali, sé þess óskað. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar.
- 12.4. Hundradshluta orkutaps og tímasetningu þess, skal ákvarða á grundvelli örorkumat trúnaðarlæknis sjóðsins samkvæmt reglum um læknisfræðilegt örorkumat og að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku sjóðfélaga aftur í tímann. Mat á missi starfsorku skal miðast við þær heilsufarslegu breytingar sem sjóðfélagi hefur orðið fyrir eftir að hann hóf iðgjaldsgreiðslur til sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið, skal örorkumat aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu, skal orkutap metið á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélaga til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar og störf og árangurs af endurhæfingu. Orkutap skal síðan endurmetið eftir því sem stjórn sjóðsins telur ástæðu til
- 12.5. Þegar skilyrði 12.1. um iðgjaldsgreiðslutíma eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 10. gr. að viðbættum lífeyri sem svarar til þeirra réttinda sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér með iðgjaldsgreiðslum fram til 65 ára aldurs, reiknað skv. gr. 12.6. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs, sbr. þó ákvæði samkomulags um samskipti lífeyrissjóða.
- 12.6. Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt á framreikningi réttinda samkvæmt gr. 12.5., skal um þann framreikning fara sem hér segir:
- a. Reikna skal meðaltal iðgjalda sjóðfélaga næstu fjögur almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórn rökstudda ástæðu til að ætla að þetta fjögurra ára meðaltal endurspegli ekki venjubundnar greiðslur, er henni heimilt að leggja til grundvallar iðgjaldsgreiðslur 8 ár aftur í tímann. Við útreikning

meðaliðgjalds þessa tímabils skal hvorki taka tillit til þess árs sem lægst iðgjöld bárust vegna sjóðfélaga né þess árs sem iðgjaldsgreiðslur voru hæstar og reikna meðaliðgjaldið því af iðgjöldum þeirra 6 ára sem þá standa eftir. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld í skemmri tíma en 8 ár skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Lífeyrisréttur sjóðfélaga vegna framreiknings ákvarðast jafn þeim réttindum, sem þetta meðaliðgjald, greitt til 65 ára aldurs, myndi hafa veitt honum skv. töflu I í viðauka A. Nemi meðaliðgjaldið hærri fjárhæð en kr. 320.000 skal við framreikning miða við meðaltalið í allt að 10 ár en síðan og til 65 ára aldurs skal í stað meðaltalsins reikna með kr. 320.000 í árlegt iðgjald.

- b. Hafi sjóðfélagi fyrir orkutapið látið af því starfi sem iðgjöld hans byggðu á, þannig að tekjusaga fortíðar þyki að mati sjóðstjórnar ekki gefa trúverðuga vísbendingu um tekjutap hans í framtíðinni, er sjóðstjórn heimilt að leggja til grundvallar mati á tekjutapi skv. gr. 12.5. áætlaðar framtíðartekjur umsækjanda í nýju starfi að hálfu leyti á móti útreikningi skv. a. lið, sem hafi þá 50% vægi við útreikning á tekjuviðmiði til framreiknings.
 - c. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið lægri en kr. 42.000 fleiri en eitt almannasár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og skal þá framreikningstími stytur í hlutfallinu milli fjölda almannasára, sem árlegar iðgjaldsgreiðslur hans hafa verið lægri en kr. 42.000 og fjöldi almannasára frá 25 ára aldri fram til til orkutaps
- 12.7. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 12.1.
 - 12.8. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap hefur varað skemur en í sex mánuði.
 - 12.9. Skyld er sjóðfélagi sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris og ef nauðsynlegt er, gangast undir lækni skoðun hjá trúnaðarlækni sjóðsins. Berist ekki fullnægjandi gögn og upplýsingar frá sjóðfélagi og hann sinnir ekki tilmælum sjóðsins þar að lútandi skal umsókn hans vísað frá. Heimilt er að fengnu áliti trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans. Endurmat á orkutapi skal fara fram að lokinni endurhæfingu.
 - 12.10. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx, ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
 - 12.11. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur og eins ef starfsorka eykst eða tekjur aukast þannig að skilyrðum gr. 12.1. er ekki lengur fullnægt. Áunnin réttindi örorkulífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við fyrsta úrskurð örorku að viðbættum réttindum vegna:
 - a. Framreiknaðra réttinda í hlutfalli við hundraðshluta örorkulífeyris af hámarksörorkulífeyri eins og hann hefur verið hverju sinni.

- b. Aukningar- eða skerðingarréttinda sem kann að hafa verið úthlutað eftir að taka örorkulífeyris hófst.
- c. Réttinda sem örorkulífeyrisþeginn kann að hafa unnið sér inn eftir úrskurð örorku.

Til frádráttar ellilífeyri sjóðfélaga, þannig reiknuðum, skal síðan koma sá ellilífeyrir, sem hann hefur afsalað sér samkvæmt grein 11.6. (um skiptingu ellilífeyrisréttinda).

13. Makalífeyrir.

- 13.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, eða hafði greitt iðgjald til hans í a.m.k. 24 mánuði á undanfarandi 36 mánuðum, eða a.m.k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum fyrir andlátið og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.
- 13.2. Láti sjóðfélagi eftir sig barn eða börn innan 22 ára aldurs, sem hann hefur haft á framfæri sínu, skal makalífeyrir greiddur fram að 22 ára aldri yngsta barnsins. Kjörbarn veitir sama rétt, Sama gildir ef makinn hefur á framfæri sínu barn, sem sjóðfélaginn hafði áður á framfæri sínu.
- 13.3. Sé eftirlifandi maki a.m.k. 50% öryrki, skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 65 ára við andlát sjóðfélagsins.
- 13.4. Stofnist réttur til makalífeyris skv. 13.1., 13.2., 13.3. eða 15.2. skal fullur makalífeyrir skv. 13.6. alltaf greiddur að lágmarki í 48 mánuði og 50% makalífeyrir í 36 mánuði til viðbótar.
- 13.5. Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 13.1. - 13.4. til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.
- 13.6. Makalífeyrisréttindi eru hverju sinni 50% af elli- eða örorkulífeyrisréttindum sjóðfélagsins, hvort sem gefur hærri rétt við fráfall. Hér er miðað við öll ellilífeyrisréttindi, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér og því ekki dregin frá þau réttindi, sem hann kann að hafa afsalað sér samkvæmt gr. 11.6 (um skiptingu ellilífeyrisréttinda) Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans. Áunnin réttindi makalífeyrisþega skulu hverju sinni nema áunnum réttindum við úrskurð makalífeyris að viðbættum réttindum vegna:
 - a. Framreiknaðra réttinda í hlutfalli við hundraðshluta makalífeyris af hámarks makalífeyri eins og hann hefur verið hverju sinni.
 - b. Aukningar- eða skerðingarréttinda sem kann að hafa verið úthlutað eftir að taka makalífeyris hófst.
 - c. Hafi hinn látni notið örorkulífeyris frá sjóðnum bætast einnig við réttindi sem örorkulífeyrisþeginn kann að hafa unnið sér inn eftir úrskurð örorku.Séu skilyrði 13.1. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 15.2.
- 13.7. Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem var í hjúskap með sjóðfélagi, staðfestri samvist eða óvígðri sambúð við andlátið, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélaga. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu

sein eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð, eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

- 13.8. Hafi eftirlifandi maki náð 50 ára aldri við fráfall sjóðfélaga, skal hann eiga rétt á 50% makalífeyri til 65 ára aldurs, enda séu ákvæði 13.1. uppfyllt.

14. Barnalífeyrir.

- 14.1. Nú andast sjóðfélagi og eiga þá börn hans og kjörbörn yngri en 18 ára rétt til barnalífeyris úr sjóðnum eins og nánar er kveðið á um í þessum kafla, enda hafi hirum látni
- greitt iðgjöld til sjóðsins 24 af 36 síðustu mánuðum fyrir andlátíð eða 6 mánuði af undanfarandi 12 eða,
 - notið ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum sem svarar til minnst 10.000 kr. á mánuði.

Við mat á því hvort framangreindum skilyrðum er fullnægt er sjóðstjórn rétt að taka mið af efnisreglu greinar 12.2. að breyttu breytanda.

- 14.1.1. Barnalífeyrir greiðist einnig með börnum sjóðfélaga, sem nýtur örorkulífeyris úr sjóðnum, enda séu þau fædd eða ættleidd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir. Ef örorka sjóðfélaga er metin lægri en 100% skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

- 14.1.2. Hafi sjóðfélagi á viðmiðunartímabili skv. 14.1. greitt iðgjald að meðaltali af mjög lágunum iðgjaldsstofni, kr. 50.000 eða lægra, skal lækka barnalífeyri hlutfallslega þar til hann falli niður hafi iðgjaldsstofn svarað til minna en helmings af ofangreindri viðmiðun. Með sama hætti skal lækka barnalífeyri hlutfallslega með börnum elli- eða örorkulífeyrisþega séu réttindi þeirra svo takmörkuð að lífeyrir sé lægri en kr. 20 000 á mánuði og falla greiðslur barnalífeyris niður sé elli- eða örorkulífeyrir foreldris minni en kr. 10.000 á mánuði.

- 4.1.3. Veiti fráfall eða örorka sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

- 14.2. Fullur barnalífeyrir sem greiddur er með barni örorkulífeyrisþega er kr. 5.500 á mánuði. Barnalífeyrir sem greiddur er með hverju barni látins sjóðfélaga er kr. 7.500 á mánuði. Fjárhæðir þessar skulu breytast í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig. Eigi barnið ekki foreldri á lífi og nýtur ekki barnalífeyris eftir hitt foreldrið, skal fullur barnalífeyrir nema 100% hærri fjárhæð.

- 14.3. Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri enda hafi sjóðfélagi ekki hafið töku ellilífeyris. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera myndu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða. Við ættleiðingu barns með erlent ríkisfang, sem búsett er erlendis, skulu tímamörk miðast við útgáfudag gildandi vilýrðis eða forsamþykkis dómsmálaráðuneytis í stað dagsetningar ættleiðingarleyfis.

14.4. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barns til 18 ára aldurs barnsins.

15. Iðgjaldagreiðslur falla niður.

15.1. Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

15.2. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd réttindi sbr. þó 15.1.

16. Endurgreiðsla iðgjalda.

16.1. Heimilt er, skv. umsókn, að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara, þegar þeir flytjast úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum, kostnað vegna tryggingarverndar, sem sjóðfélaginn hefur notið, og kostnað vegna umsýslu að mati tryggingafræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Við endurgreiðslu samkvæmt þessari grein falla niður allar kröfur viðkomandi sjóðfélaga vegna hinna endurgreiddu iðgjalda.

16.2. Af iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna starfsmanna, yngri en 16 ára og þeirra sem náð hafa 70 ára aldri sbr. 9.1., skal hann endurgreiða viðkomandi sjóðfélaga og launagreiðanda iðgjaldahluta þeirra. Slík endurgreiðsla skal eiga sér stað eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

17. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.

17.1. Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum samþykpta þessara í því skyni, að koma í veg fyrir niðurfall réttinda þegar sjóðfélagi skiptir um starf og tvítryggingu réttinda sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum, skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin mundu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn fyrr en þeir hafa hlotið samþykki Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, svo og staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

18. Tilhögun lífeyrisgreiðslna og verðtrygging viðmiðunarfjárhæða.

18.1. Lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum eru ákvarðaðar á grundvelli umsóknar á umsóknareyðublöðum, frá sjóðnum. Skylt er umsækjanda að láta sjóðnum í té allar upplýsingar sem honum eru nauðsynlegar til að ákvarða lífeyri í samræmi við réttindi sjóðfélagans samkvæmt samþykktum þessum. Láti umsækjandi sjóðnum ekki í té tilskildar upplýsingar er honum rétt að vísa umsókn frá. Þá er lífeyrisþegum skylt að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu lífeyris eða fjárhæð hans. Þessi

atriði skulu tiltekin í tilkynningu til umsækjanda um ákvörðun lífeyris og á lífeyrisyfirlitum.

- 18.2. Það getur varðað réttindamissi ef umsækjandi um lífeyri leggur vísvitandi fram rangar upplýsingar, sem til þess eru fallnar að auka lífeyrisgreiðslur honum til handa umfram það sem hann á rétt á. Ennfremur ef lífeyrisþegi vísvitandi leynir sjóðinn breytingum á aðstæðum, sem áhrif hafa á rétt til lífeyris.
 - 18.3. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðsstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum. Úrskurður skv. þessu skal þá miðast við réttindareglur eins og þær hafa verið á umræddu tímabili og lífeyrir skv. verðlagi hvers tímabils. Lífeyrir skv. umsókn um töku ellilífeyris fyrir hinn almenna ellilífeyrisaldur, sbr. gr. 11.3. og 10.5. greiðist þó fyrst frá upphafi þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum. [Ákvæði þetta tekur gildi hinn 1. janúar 2007] Vextir greiðast ekki á lífeyrisgreiðslur.
 - 18.4. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. 2.500 króna á mánuði og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi, samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.
 - 18.5. Þar sem samþykktir þessar tilgreina fjárhæðir í krónum talið, miðast verðgildi þeirra við gildi vísitölu neysliverðs 230,0 og skulu fjárhæðir endurreiknaðar mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölunni, nema annað sé tekið fram í viðkomandi grein.
- 19. Séreignadeild.**
- 19.1. Stjórn sjóðsins fer með stjórn séreignadeildar. Rekstur séreignadeildar skal vera fjárhagslega aðskilinn rekstri samtryggingardeildar. Sameiginlegum kostnaði skal skipt með eðlilegum og ótvíræðum hætti á milli deilda sjóðsins. Fyrir séreignadeildina gilda ákvæði fjárfestingastefnu sjóðsins skv. 8. gr. samþykpta þessara.
 - 19.2. Sjóðfélögum, sem greiða til samtryggingardeildar, er heimilt að greiða í séreignadeild iðgjald, sem er umfram lágmarksiðgjald skv. 9.1. Kallast það iðgjald til viðbótartryggingaverndar. Jafnframt er séreignadeildinni heimilt að taka við iðgjöldum til viðbótartryggingaverndar frá einstaklingum sem kaupa sér lágmarkstryggingavernd hjá öðrum lífeyrissjóði, og séreignahluta lágmarksiðgjalds þeirra einstaklinga sem hafa lágmarkstryggingavernd samsetta af séreign og tryggingum í samræmi við ákvæði laga 129/1997.
 - 19.3. Þeir sem greiða til séreignadeildar skulu gera um það sérstakan samning við lífeyrissjóðinn, þar sem tilgreindir eru skilmálar varðandi framlög og tryggingavernd, sem og yfirlýsing um að þeir hlíti samþykktum sjóðsins. Samningar skulu vera skriflegir og gerðir í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997 og reglugerðar nr. 698/1998. Einstaklingur sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til séreignadeildar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, telst til rétthafa skv. ákvæðum þeim er gilda um deildina.

- 19.4. Lífeyrissjóðnum er heimilt, samkvæmt skriflegri beiðni viðkomandi sjóðfélaga, að draga frá iðgjöldum hans upphæð, sem svarar til iðgjalds vegna líf- og heilsutryggingar, enda eigi sjóðurinn aðild að samningi um kaup á slíkum tryggingum. Tryggingabætur samkvæmt samningi um líf- og heilsutryggingar skulu greiddar inn á séreignarreikning viðkomandi réttihafa. Um útborgun gilda ákvæði 11 gr. laga 129/1997.
- 19.5. Færður skal sérreikningur fyrir iðgjald hvers réttihafa í séreignadeild. Heimilt er að bjóða upp á mismunandi verðbréfasöfn (ávöxtunarleiðir), sem réttihafar geta valið á milli. Sé slíkt gert, skal tilgreina það safn, sem valið er, í samningi réttihafa um séreignarsparnað. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingastefnu fyrir þau söfn, sem sjóðurinn býður og skal hún vera innan þeirra marka, sem ákveðin eru í 8. grein samþykpta þessara. Auk iðgjalds réttihafa, skal færa á sérreikning hans vexti í samræmi við ávöxtun þess safns, sem hann hefur valið, að frádregnum kostnaði við umsýslu og rekstur deildarinnar.
- 19.6. Framlag í séreignadeild gefur ekki fyrirframákveðinn lífeyrisrétt, heldur skulu endurgreiðslur reiknast í samræmi við lífeyrissparnað hvers og eins.
- 19.7. Réttihafi, sem orðinn er fullra 60 ára, á rétt á að fá lífeyrissparnað sinn greiddan út ásamt vöxtum.
 - 19.7.1. Réttihafi, sem verður öryrki og verður að hætta störfum vegna 100%orkutaps, áður en hann nær 60 ára aldri, á rétt á að fá lífeyrissparnað sinn og vexti greidda með jöfnum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkan metin minni en 100% og lækkar þá árleg endurgreiðsla í sama hlutfalli og endurgreiðslutíminn lengist sem því svarar.
 - 19.7.2. Ef innstæða réttihafa er undir kr. 500.000,- skal greiða réttihafa hana á skemmri tíma en að framan er greint, óski hann þess. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 173,5 stigum.
- 19.8. Við andlát réttihafa, fellur eign hans í séreignadeild til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti réttihafi ekki eftir sig börn eða maka, skal innstæðan renna til dánarbús réttihafa án takmarkana 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.
- 19.9. Þrátt fyrir ákvæði greina 19.7. og 19.8. um útgreiðslur er réttihafa ekki heimilt að hefja úttekt á innstæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning fyrr en tveim árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til séreignadeildar, enda fullnægi hann þá ákvæðum téðra greina.
- 19.10. Samningi um séreignarsparnað er hægt að segja upp með tvöggja mánaða fyrirvara. Samningur fellur úr gildi ef réttihafi hættir starfi sem er forsenda fyrir greiðslu hans til séreignadeildar Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, nema hann óski þess að halda áfram að greiða til séreignadeildarinnar. Uppsögn samnings um séreignarsparnað eða viðbótartryggingavernd veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda.
- 19.11. Réttihafa er heimilt að flytja innstæðu sína eða réttindi, að undangenginni uppsögn samnings, til vörsluaðila sem geta boðið upp á samninga um viðbótartryggingavernd skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997, gegn greiðslu þess kostnaðar sem sjóðurinn áskilur sér vegna flutningsins.

- 19.12. Um heimild til endurgreiðslu séreignarsparnaðar til erlendra ríkisborgara gilda ákvæði 1. málslíðar greinar 16. 1.
- 19.13. Rétt höfum er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd eða lífeyrisréttindi í séreign. Þó er heimilt að gera samkomulag skv. 1.-3. tölul. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997 um skiptingu réttinda milli réttihafa og maka hans
- 20. Bann við framsali og veðsetningu.**
- 20.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur. Sjá þó ákvæði 11.6.
- 21. Ágreiningsmál, málsmeðferð og gerðardómur.**
- 21.1. Um málsmeðferð í ágreiningsmálum sjóðfélaga gagnvart lífeyrissjóðnum gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 eftir því sem við á, svo sem um birtingu ákvörðunar, rökstuðning og endurupptöku.
- 21.2. Við sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðsstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms innan þriggja mánaða frá því að tilkynnt var um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum tilnefndum af lífeyrissjóðnum og oddamanni tilnefndum af Fjármálaeftirliti. Gerðardómurinn skal úrskurðaður í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málástæðna og annarra upplýsinga sem lágu fyrir sjóðstjórn er hún tók ákvörðun um málið. Komi fram nýjar kröfur, sönnunargögn, og málsástæður við meðferð málsins fyrir gerðardómi, skal málinu vísað aftur til sjóðstjórnar til endurupptöku. Sjóðstjórn er skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar. Um málsmeðferð fyrir gerðardómnum fer að öðru leyti samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.
- 22. Eftirlit.**
- Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 129/1997 og lög nr. 87/1998.
- 23. Breytingar á samþykktunum.**
- 23.1. Tillögur um breytingar á samþykktum þessum má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. þremur vikum fyrir ársfund sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal, fullum tveim vikum fyrir ársfund, senda aðildarfélögum sjóðsins og Samtökum atvinnulífsins tillögurnar til kynningar. Ennfremur verður að geta tillagnanna í fundarboði. Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingastefnu, sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris, skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu, sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum skv. lögum nr. 129/1997 eða samningi milli ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir

ársfund og það auglýst þannig, að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að atthagasemdum á ársfundi.

- 23.2. Tillaga að breytingum á ákvæðum sem teljast efni kjarasamninga, s.s. um iðgjöld og stjórnskipan sjóðsins, þ.m.t. ákvæði um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórnar, verða einungis teknar fyrir á ársfundi, að fyrir liggi samþykki 2/3 hluta atkvæða fulltrúa Samtaka atvinnulífsins og stéttarféлага sem að sjóðnum standa. Um vægi atkvæða einstakra aðildarféлага sjóðsins fer þá eftir ákvæðum í gr. 5.3. og þarf þá bæði samþykki tilskilins meirihluta Samtaka atvinnulífsins og stéttarféлага sem að sjóðnum standa.
- 23.3. Breytingar á samþykktum þessum taka því aðeins gildi, að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta atkvæða fulltrúa í fulltrúaráði á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.
- 23.4. Stjórn sjóðsins er heimilt að gera breytingar á samþykktum þessum en þess að bera þær undir ársfund, ef þær leiða af ófrávikjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða. Breytingar sem gerðar eru með heimild í þessari grein, skulu kynntar formlega á næsta ársfundi sjóðsins.


24. Gildistaka.


- 24.1. Samþykktir þessar öðlaðst gildi að fenginni staðfestingu fjármálaráðuneytis.

Samþykktir þessar voru samþykktar á ársfundi Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, sem haldinn var 9. maí 2014..

Vestmannaeyjum, 9. maí 2014.
Stjórn Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja:



Arnar Sigurmundsson


Arnar Hjaltalín


Andrea Elín Atladóttir


Guðný Óskarsdóttir


Þjóðhildur Þórðardóttir


Valmundur Valmundsson



Viðauki A Réttindatöflur

Réttindatöflur sem gilda frá og með 1. janúar 2011

Forsendur: Vextir 3,5% p.a. Dánarlíkur skv. reynslu árána 2004-2008. Örorculíkur 150% af ísl staðallíkum en að teknu tilliti til örorkuframlags. Kynjahlutföll: Karlar 83%, konur 17%.

TAFLA I: Árleg lífeyrisréttindi fyrir hvert 10 þús. króna iðgjald

Aldur	Lífeyris- réttindi	Aldur	Lífeyris- réttindi	Aldur	Lífeyris- réttindi	Aldur	Lífeyris- réttindi	Aldur	Lífeyris- réttindi
16	2.910	26	1.815	36	1.316	46	1.069	56	885
17	2.748	27	1.746	37	1.283	47	1.049	57	870
18	2.601	28	1.682	38	1.253	48	1.029	58	855
19	2.468	29	1.623	39	1.224	49	1.010	59	840
20	2.342	30	1.571	40	1.202	50	991	60	823
21	2.238	31	1.520	41	1.177	51	973	61	810
22	2.137	32	1.472	42	1.153	52	954	62	797
23	2.044	33	1.428	43	1.130	53	937	63	796
24	1.958	34	1.387	44	1.108	54	919	64	775
25	1.890	35	1.352	45	1.090	55	901	65	749
								66	722

Réttindi í jafnri ávinnslu eru meðaltal réttinda 25 til og með 64 ára eða 1.168 krónur fyrir hvert 10.000 króna iðgjald.

TAFLA II: Lækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir 67 ára aldur

Taka ell líf- eyris hefst	Lækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals lækkun
66-67 ára	0,68%	66	8,16%
65-66 ára	0,61%	65	15,48%
64-65 ára	0,55%	64	22,08%
63-64 ára	0,50%	63	28,08%
62-63 ára	0,46%	62	33,6%
61-62 ára	0,42%	61	38,64%
60-61 árs	0,39%	60	43,32%

TAFLA III: Hækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst eftir 67 ára aldur

Taka ellilíf- eyris hefst	Hækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals hækkun
67-68 ára	0,70%	68	8,40%
68-69 ára	0,77%	69	17,64%
69-70 ára	0,85%	70	27,84%

Tafla IV: Árleg ellilífeyrisréttindi fyrir hvert 10 þús. króna iðgjald greitt á hverju aldursári frá 68 til 69 ára aldurs

Aldur	Lífeyris- réttindi	Taka ellilíf- eyris hefst	Hækkun fyrir hvern mánuð	Samtals hækkun við aldur	
				69	70
67	747	68	0,75%	9,00%	18,60%
68	774	69	0,80%		9,6%
69	802	70			

Hækkunar- og lækkunartöflur fyrir geymd ellilífeyrisréttindi í Lífeyrissjóði Vestmannaeyja, sbr. gr. 10.5.

TAFLA V: Lækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir 65 ára aldur

Taka ellilíf- eyris hefst	Lækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals lækkun
64-65 ára	0,63%	64	7,56%
63-64 ára	0,57%	63	14,40%
62-63 ára	0,52%	62	20,64%
61-62 ára	0,47%	61	26,28%
60-61 ára	0,43%	60	31,44%

TAFLA VI: Hækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst eftir 65 ára aldur

Taka ellilíf- eyris hefst	Hækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals hækkun
65-66 ára	0,64%	66	7,68%
66-67 ára	0,72%	67	16,32%
67-68 ára	0,81%	68	26,04%
68-69 ára	0,91%	69	36,96%
69-70 ára	1,02%	70	49,20%

Viðauki B -Breytt réttindi

Yfirlit um sérstakar breytingar á áunnum lífeyrisréttindum eftir gildistöku samþykta Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja hinn 1. júlí 2005, sbr. ákvæði í greinum 7.3. og 7.4. í samþykktunum og 2. mgr. 39. gr, laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

1. Öll áunnin réttindi sjóðfélaga þann 31. desember 2006 voru hækkuð um 10% í mars 2007, samkvæmt ákvörðun stjórnar hinn 28. febrúar 2007. Hækkunin var færð sem skuldbinding í réttindabókhald sjóðsins miðað árslok 2006 og tók gildi við greiðslu lífeyris frá og með janúar 2007, sbr. grein 10.4. í samþykktum sjóðsins og samþykkt á ársfundi 27. apríl 2007.

Viðauki C -Reiknigrunnur

Reiknigrunnur lífeyrissjóðsins sem gildir fyrir réttindainnvinnslu og tilheyrandi skuldbindingar frá og með 1. júlí 2005:

Skýrgreiningar

x aldur sjóðfélaga

h_x aldur maka sjóðfélaga skv. gildandi forsendutöflu

R_x^e árleg ellilífeyrisréttindi x ára sjóðfélaga

$R_x^{\bar{o}}$ árleg örorkulífeyrisréttindi x ára sjóðfélaga

$R_{h_x}^m$ árleg makalífeyrisréttindi x ára sjóðfélaga

R_x^{bd} árleg barnalífeyrisréttindi x ára sjóðfélaga vegna andláts

R_x^{bi} árleg barnalífeyrisréttindi x ára sjóðfélaga vegna örorku

I_x árlegt iðgjald x ára sjóðfélaga

$v = \frac{1}{1+0,035}$ afvöxtunarstuðull miðað við 3,5% ársvexti

l_x eftirlifendafall sjóðfélaga skv. gildandi forsendutöflu

l_{h_x} eftirlifendafall maka sjóðfélaga skv. gildandi forsendutöflu

l_x^a eftirlifendafall vinnufærra sjóðfélaga skv. gildandi forsendutöflu

g_x hlutfall x ára sjóðfélaga í hjúskap skv. gildandi forsendutöflu

c_x hlutfall x ára sjóðfélaga sem eignast barn skv. gildandi forsendutöflu

Sama dánartíðni er notuð fyrir alla (vinnufæra jafnt sem öryrkja) og ekki er reiknað með endurhæfingu óvinnufærra. Það hefur verið reiknað með þessu við gerð örorkutíðni grunntaflna Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga.

Árleg lífeyrisréttindi eru áunnin réttindi samkvæmt réttindabókhaldi sjóðsins með viðbót samkvæmt framreikningi þegar reikna skal heildarskuldbindingu sjóðsins. Tryggingastærðfræðingur sjóðsins skal í útreikningi bæta við skráð áunnin réttindi það sem á vantar samkvæmt hans mati að iðgjöld fyrir tímabil fram að viðmiðunardagsetningu úttektar hafi skilað sér og skal í því sambandi gæta að samræmi við iðgjöld ársins samkvæmt ársreikningi. Framreiknuð réttindi og verðmæti framtíðariðgjalda miða við að sjóðfélagar muni vinna sér inn réttindi fram til 67 ára aldurs fyrir sama iðgjald og þeir greiddu til sjóðsins síðasta almanaksárið fyrir úttektina. Skal þar einnig í útreikningi áætla viðbót við skráð iðgjöld samkvæmt réttindabókhaldi samkvæmt mati tryggingastærðfræðings. Réttindi og viðmiðunariðgjöld skal reikna á föstu verðlagi miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar næsta dag eftir viðmiðunardagsetningu úttektar. Áætlun um viðbætur skal í útreikningi dreifast hlutfallslega jafnt á þá sjóðfélaga sem greiddu til sjóðsins síðasta almanaksárið fyrir næsta dag eftir viðmiðunardagsetningu úttektar.

Skuldbinding x ára sjóðfélaga er gefin sem

$$k_x = e_x + \ddot{o}_x + m_x + b_x$$

Skuldbinding vegna ævilangs ellilífeyris er gefin sem

$$e_x = \sum_{i=0}^{\text{int}(105-\text{mi}_x(67,x))} R_{\max(67,x)+i+0,5}^e \cdot \frac{v^{\max(67,x)-x+i+0,5} \cdot \ell_{\max(67,x)+i+0,5}}{\ell_x},$$

Skuldbinding vegna örorkulífeyris er gefin sem

$$\ddot{o}_x = \ddot{o}_x^0 + (\dot{o}_x^1 - \ddot{o}_x^0) \cdot (1 - x + \text{int}(x))$$

þar sem

$$\ddot{o}_x^j = \sum_{i=0}^{\text{int}((6-x+j))} R_{x+i+0,5}^{\ddot{o}} \cdot v^{i+0,5} \cdot \left(\frac{\ell_{x+i+0,5}}{\ell_x} - \frac{\ell_{x+i+0,5}^a}{\ell_x^a} \right),$$

Skuldbinding vegna makalífeyris er gefin sem

$$m_x = \sum_{i=0}^{105-\text{int}(x)} skb_x^i \cdot (smn_{x+i+\frac{1}{2}} + smb_{x+i+\frac{1}{2}} + sm\ddot{o}_{x+i+\frac{1}{2}})$$

þar sem

$$skb_x^i = \frac{\ell_{x+i}^j - \ell_{x+i+1}}{\ell_x} \cdot v^{i+\frac{1}{2}} \cdot g_{x+i+\frac{1}{2}}$$

$$smn_x = \sum_{i=0}^2 R_{h_x+i+0,5}^m \cdot \frac{\ell_{h_x+i+0,5}}{\ell_{h_x}} \cdot v^{i+\frac{1}{2}} + \frac{1}{2} \sum_{i=3}^4 R_{h_x+i+0,5}^m \cdot \frac{\ell_{h_x+i+0,5}}{\ell_{h_x}} \cdot v^{i+\frac{1}{2}}$$

$$smb_x = \frac{1}{2} \sum_{i=3}^4 R_{h_x+i+0,5}^m \cdot hb_x^i \cdot \frac{\ell_{h_x+i+\frac{1}{2}}}{\ell_{h_x}} \cdot v^{i+\frac{1}{2}} + \sum_{i=5}^{18} R_{h_x+i+0,5}^m \cdot hb_x^i \cdot \frac{\ell_{h_x+i+\frac{1}{2}}}{\ell_{h_x}} \cdot v^{i+\frac{1}{2}}$$

$$sm\ddot{o}_x = \left(\frac{\ell_{h_x}}{\ell_{h_0}} - \frac{\ell_{h_x}^a}{\ell_{h_0}^a} \right) \left(\frac{1}{2} \sum_{i=3}^4 R_{h_x+i+0,5}^m \cdot eb_x^i + \sum_{i=5}^{18} R_{h_x+i+0,5}^m \cdot eb_x^i + \sum_{i=19}^{65} R_{h_x+i+0,5}^m \cdot \frac{\ell_{h_x+i+0,5}}{\ell_{h_x}} \cdot v^{i+\frac{1}{2}} \right)$$

$$eb_x^i = (1 - hb_x^i) \cdot \frac{\ell_{h_x+i+\frac{1}{2}}}{\ell_{h_x}} \cdot v^{i+\frac{1}{2}}$$

$$hb_x^i = 1 - \prod_{j=0}^{19} (1 - c_{x+i-j}),$$

Skuldbinding vegna barnalífeyris er gefin sem

$$b_x = b_x^d + b_x^i$$

þar sem

$$b_x^d = \sum_{i=0}^{105-\text{int}(x)} R_{x+i+0,5}^{bd} \cdot \frac{\ell_x^{\min(65;x+i)}}{\ell_x^a} \cdot \frac{\ell_{x+i} - \ell_{x+i+1}}{\ell_{\min(65;x+i)}} \cdot v^{i+0,5} \cdot ab_{x+i}$$

$$b_x^i = \sum_{i=0}^{65-\text{int}(x)} R_{x+i+0,5}^{bi} \cdot \left(\frac{\ell_{x+i}^a - \ell_{x+i+1}^a}{\ell_x^a} - \frac{\ell_{x+i}^a}{\ell_x^a} \cdot \frac{\ell_{x+i} - \ell_{x+i+1}}{\ell_{x+i}} \right) \cdot v^{i+0,5} \cdot ab_{x+i}$$

$$ab_x = \sum_{j=0}^{19} c_{\max(x+j-19;0)} \cdot \frac{1-v^{j+1}}{1-v}$$

Núvirði iðgjalda er gefið sem

$$p_x = p_x^0 + (p_x^1 - p_x^0) \cdot (1 - x + \text{int}(x))$$

þar sem

$$p_x^j = \sum_{i=0}^{\text{int}(66-x+j)} I_{x+i+0,5} \cdot v^{i+0,5} \cdot \frac{\ell_{x+i+0,5}^a}{\ell_x^a}$$

Útreikningur á réttindatöflum

Árlega skal reikna hlutfall framtíðarskuldbindinga kvenna og karla af samtals framtíðarskuldbindingum, *fhlutfall* og *mhlutfall*.

Grunnréttindatöflu sjóðsins (Tafla I í Viðauka A) fyrir sjóðfélaga yngri en 65 ára skal reikna árlega samkvæmt

$$r_x^{\text{tafla}} = 0,96 \cdot \text{round}(fhlutfall \cdot r_x^{\text{konur}} + mhlutfall \cdot r_x^{\text{karlar}}; 4)$$

þar sem

$$r_x = \frac{p_x}{k_x} - \frac{p_{x+1}}{k_{x+1}} \quad \text{er reiknað annars vegar fyrir karla og hins vegar fyrir konur}$$

fyrir heiltölugildi á x frá og með 16 til og með 66 þar sem reiknað er með 1 í árlegt iðgjald og 1 í árleg elliréttindi, 1 í árleg óskert örorkulífeyrisréttindi, 0,5 í árleg óskert makalífeyrisréttindi og 0,1 í árleg óskert barnalífeyrisréttindi.

Réttindafla fyrir sjóðfélaga á aldrinum 67 til 69 ára (Tafla IV í Viðauka A) er reiknuð á sama hátt og grunntaflan nema hvað núvirði iðgjalda er reiknað fyrir eitt ár í senn og gert ráð fyrir að taka ellilífeyris hefjist á næsta afmælisdegi, það er gert er ráð fyrir 68 ára ellilífeyrisaldri fyrir 67 ára, 69 ára ellilífeyrisaldri fyrir 68 ára o.s.frv.

Lækkunar- og hækkunarstuðla ellilífeyris í Töflum II til IV í Viðauka A skal reikna þannig að fundnar eru lækkunar- eða hækkunarprósentur á mánuði fyrir hvert aldursár sem líður frá ætluðum ellilífeyrisaldri. Summa þessara prósentu segir til

um samtals hækkun eða lækkun ellilífeyris í samræmi við samtals fjölda mánaða eftir aldursárum frá ætluðum ellilífeyrisaldri.

Reiknuð eru hlutföllin

$$F_{67+j} = fhlutfall \cdot \frac{\sum_{i=0}^{40} v^{67+i+0,5} \cdot j_{67+i+0,5}^{konur}}{\sum_{i=0}^{40} v^{67+j+i+0,5} \cdot j_{67+j+i+0,5}^{konur}} + mhlutfall \cdot \frac{\sum_{i=0}^{40} v^{67+i+0,5} \cdot j_{67+i+0,5}^{karlar}}{\sum_{i=0}^{40} v^{67+j+i+0,5} \cdot j_{67+j+i+0,5}^{karlar}}$$

fyrir heiltölugildi $-5 \leq j \leq 2$

Lækkunarstuðlar fyrir hvern mánuð í Töflu II eru fundnir samkvæmt

$$f_{67+j} = \text{round} \left\{ \frac{F_{67+j} - F_{67+j+1}}{12} \cdot 1,1; 4 \right\} \text{ fyrir } -5 \leq j \leq -1$$

þar sem $j = -1$ gefur lækkun fyrir hvern mánuð sem töku ellilífeyris er flýtt frá 67 ára aldri á 66. aldursárinu, $j = -2$ lækkun fyrir hvern mánuð á 65. aldursárinu o.s.frv..

Hækkunarstuðlar fyrir hvern mánuð í Töflu III eru fundnir samkvæmt

$$f_{67+j} = \text{round} \left\{ \frac{F_{67+j} - F_{67+j+1}}{12} \cdot 0,9; 4 \right\} \text{ fyrir } 0 \leq j \leq 2$$

þar sem $j = 0$ gefur hækkun fyrir hvern mánuð sem töku ellilífeyris er frestað frá 67 ára aldri á 67. aldursárinu, $j = 1$ hækkun fyrir hvern mánuð á 68. aldursárinu o.s.frv..

Í Töflu IV er gert ráð fyrir að taka ellilífeyris vegna innvinnslu réttinda á hverju aldursári eftir 67 ára aldur hefjist á næsta afmælisdegi. Ef töku ellilífeyris er frestað frá því sem gert er ráð fyrir í töflunni er hækkun fyrir hvern frestunarmánuð næsta aldursárið reiknuð á eftirfarandi hátt. Reiknuð eru hlutföllin

$$F_{68+j} = fhlutfall \cdot \frac{\sum_{i=0}^{40} v^{68+j+i+0,5} \cdot j_{68+j+i+0,5}^{konur}}{\sum_{i=0}^{40} v^{69+j+i+0,5} \cdot j_{69+j+i+0,5}^{konur}} + mhlutfall \cdot \frac{\sum_{i=0}^{40} v^{68+j+i+0,5} \cdot j_{68+j+i+0,5}^{karlar}}{\sum_{i=0}^{40} v^{69+j+i+0,5} \cdot j_{69+j+i+0,5}^{karlar}}$$

fyrir heiltölugildi $0 \leq j \leq 1$

og hækkunarstuðlar fyrir hvern mánuð í Töflu IV eru fundnir samkvæmt

$$f_{68+j} = \text{round} \left\{ \frac{F_{68+j} - 1}{12} \cdot 0,9; 4 \right\} \text{ fyrir } 0 \leq j \leq 1$$

þar sem $j = 0$ gefur hækkun fyrir hvern mánuð sem töku er frestað frá 68 ára aldri fyrir 68. aldursárið, $j = 1$ gefur hækkun fyrir hvern mánuð sem töku er frestað frá 69 ára aldri fyrir 69. aldursárið. Ef töku ellilífeyris er síðan frestað um meira en eitt ár þá eru notaðir sömu hækkunarstuðlar og reiknaðir voru fyrir frestun aldursárið eftir næsta ellilífeyrisaldur. Þannig hækka til dæmis réttindi sem voru áunnin á 67. aldursári samkvæmt mánaðarstuðlum fyrir $j = 0$, fyrstu tólf frestunarmánuðina, samkvæmt $j = 1$ næstu tólf frestunarmánuðina o.s.frv.

